

Fundargerð

69. stjórnarfundur FHA haldinn 9. mars 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir, Guðmundur Óskarsson, Ólína Freysteinsdóttir, Hreiðar Þór Valtýsson, Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir og Þorlákur Axel Jónsson. Þía Viinikka mætti ekki.

Dagskrá:

1. Fundagerð stjórnar
Fundargerð fyrir stjórnarfund nr. 68 var lögð fram og samþykkt án athugasemda.
2. Kjaramál
Hjördís kynnti sameiginlegar aðgerðir félaga í BHM vegna kjarasamningsgerðar þeirra. Lögfræðingur BHM mun svara því hvort FHA geti verið með í þeim aðgerðum í ljósi þess að kjarasamningur gildir til 30. apr. 2015. Komi til þátttöku mun hún hafa í för með sér greiðslur úr félagssjóði FHA í verkfallssjóð BHM. Verði FHA með í samflotinu mun verða unnið að gerð kjarasamnings félagsins innan þess.
3. Almennur félagsfundur
Samþykkt var að boða til almenns félagsfundar mið. 18. mars kl. 15:00 – 16:00. Dagskrá hans verði: 1. Kjaramál. 2. Önnur mál.
4. Stofnanasamningur
5. Umsögn vegna þingmáls 434: Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands
Félagið sendi Alþingi umsögn 27. feb. 2015 vegna ofangreinds frumvarps, sbr. Fylgiskjal 1.
6. Námssjóður
Ein umsókn lá fyrir fundinum. Hún var samþykkt með fyrirvara um að skilyrði fyrir úthlutun séu uppfyllt.
7. Lífeyrismál
Fram hefur komið á vettvangi BHM að það mun kosta ríkissjóð 18% ofan á launatöflu að hækka lífeyrisaldur í 67 ár.
8. Önnur mál
 - a. Fyrirlestur Eddu Björgvinsdóttur 27. feb. heppnaðist vel. Ákveðið að stefna að því að halda námskeið næsta haust í framhaldi af honum undir stjórn Eddu.
 - b. Ekki hefur orðið af því að Jörundur Guðmundsson formaður Félags háskólakennara mætti á stjórnarfund. Boðið stendur.
 - c. Næsti stjórnarfundur verður 13. apr. kl. 12-13.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:05

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.

Fylgiskjal 1:

Umsögn FHA vegna þingmáls 434: Frumvarp til laga um Stjórnarráð Íslands

Efni: Frumvarp laga um Stjórnarráð Íslands (skipulag ráðuneyta og stofnana o.fl.), 434. mál.

Félag Háskólakennara á Akureyri leggst ekki gegn breytingu á lögum um stjórnarráð sem [1.gr.](#) frumvarpsins tekur til. Frá árinu 1999 til 2011 voru löginn þannig að ekki þurfti til sérstaka lagabreytingu til að flytja stofnanir úr Reykjavík. Það er eðlilegt að endurvekja það ákvæði enda ekki rétt að eitt gildi um stofnanir í Reykjavík en annað utan borgarmarkna. Ef kveðið er á um staðsetningu í lögum um stofnun þarf áfram lagabreytingu til þess að hún sé flutt en annars ekki. Á því árabili sem ráðherra hafði heimild til að flytja stofnanir, hvort sem þær væru í Reykjavík eða ekki, varð reynslan ekki sú að margar stofnanir voru fluttar. Það er því algjörlega órökstutt að halda því fram að með því að hafa ákvæðið opið leiði það til stórfellds flutnings opinberra stofnana. Þess má þó geta að Fiskistofa var flutt úr Reykjavík til Hafnarfjarðar árið 2005 á grunni þess að löginn voru opin, en eftir að þeim var breytt hefði sá flutningur ekki staðist lög. Í núverandi lögum er gert ráð fyrir að sérstaka lagabreytingu þurfi til að breyta um staðsetningu stofnana hins opinbera sem staðsettar eru í Reykjavík. En þó svo að ráðherra hafi heimild til að flytja stofnanir hvort sem þær eru í Reykjavík eða utan hennar, þarf aftur sem áður að leita fjárheimilda til Alþingis fyrir flutningi sem og vanda undirbúning við flutning. Þannig er eðlilegt að gera kröfu til stjórnvalda um að setja sér stefnu í þessum efnum og að í kjölfarið liggi fyrir áætlanir í þessum efnum. Mikilvægt er að ráðherrar geti ákveðið að staðsetja stofnanir utan Reykjavíkur enda geta ýmis málefnaleg sjónarmið fært rök fyrir að slíkt sé gert. Það er einnig lykilatriði fyrir háskólamenntað fólk að hafa fleiri valkosti um búsetu og það gerist með því að fjölbreytt flóra starfa sé í boði um land allt. Næg fjölgun opinberra starfa á sér stað í Reykjavík án þess að bundið sé sérstaklega í lög að séu stofnanir staðsettar þar, þurfi lagabreytingu til að breyta því.